




SUÐURNESJABÆR



Hugmyndasamkeppni um framtíð Suðurnesjabæjar

Mótun nýs aðalskipulags fyrir
sameinað sveitarfélag

Samkeppnislýsing

SUÐURNESJABÆR

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	Í hnotskurn	3
1.2	Afmörkun svæðisins	4
1.3	Helstu stærðir	5
1.4	Skipulagsleg staða svæðisins:	5
2	Viðfangsefni samkeppninnar	11
2.1	Sagan og samfélagið	11
2.2	Sérkenni og aðstæður	12
2.3	Náttúran	14
2.4	Samgöngur	14
2.5	Umhverfið	15
2.6	Atvinnulífið	15
3	Leiðarljós, tilgangur og markmið samkeppninnar	17
3.1	Leiðarljós	17
3.2	Tilgangur	17
3.3	Meginmarkmið	17
3.4	Markmið	17
3.5	Töluleg viðmið sem hafa skal til hliðsjónar við útfærslu tillagna:	18
3.6	Sérstakar áherslur samkeppninnar	18
4	Tilhögun samkeppni	20
4.1	Samsetning teymis	20
4.2	Fyrirkomulag keppninnar	20
4.3	Skil á gögnum	20
4.4	Verðlaun/Greiðslur	20
4.5	Nafnleynd /Trúnaður	21
4.6	Mat dómnefndar / dómnefndarálit	21
4.7	Val á ráðgjafa til að vinna nýtt aðalskipulag	21
4.8	Lykildagsetningar:	22
4.9	Keppnisgögn	22
4.10	Skipun dómnefndar	22
4.11	Íbúðing	23
4.12	Fyrirspurnir og skil	23
4.13	Sýning og varðveisla keppnistillagna	24
5	Samþykki keppnislýsingar	25



1 Inngangur

1.1 Í hnotskurn

Suðurnesjabær er yngsta sveitarfélag landsins en það varð til við sameiningu Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs þann 10. júní árið 2018 í kjölfar íbúakosninga árið 2017. Íbúafjöldi í hinu sameinaða sveitarfélagi var 3.374 þann 1. janúar 2018 og er því sautjándi fjölmennasta sveitarfélag landsins og annað fjölmennasta sveitarfélagið á Suðurnesjum. Tilgangurinn með sameiningunni var að skapa nýja öfluga stjórnsýslueiningu sem er í stakk búin til að takast á við skylduverkefni sem lögð eru á íslensk sveitarfélög og efla samlegð milli byggðalaganna tveggja Sandgerðis og Garðs.

Framtíð hins nýja sameinaða sveitarfélags er óskrifad blað. Með sameiningu sveitarfélaganna afmáðust skil þeirra og samfara því riðluðust forsendur þeirrar framtíðarsýnar sem sveitarfélögin höfðu áður. Mótun framtíðarsýnar til grundvallar nýju aðalskipulagi hins sameinaða sveitarfélags er eitt mikilvægasta verkefnið sem það stendur frammi fyrir. Þar mæta bæjaryfirvöld óbundin til leiks og er eindreginn vilji þeirra að fara nýjar og óhefðbundnar leiðir í þeirri vegferð. Hugmyndasamkeppni þessi er liður í því og er henni ætlað að ná fram heildstæðri og skýrri framtíðarsýn.

Vilji sveitarfélagsins er að Suðurnesjabær verði eitt samfélag. Að sveitarfélagið verði eftirsóttur staður fyrir fólk og fjölskyldur að búa, starfa og leika og að þar líði öllum eins vel og kostur er. Að þar þrífist blómleg starfsemi í takt við nýja tíma. Ný framtíðarsýn þarf að endurspegla þetta. Hún þarf að byggja á styrkleikum og gæðum þess sem fyrir er, draga úr veikleikum, bægra frá ógnunum sem mögulega geta steðjað að og skapa tækifæri til vaxtar og velsældar. Með hugmyndasamkeppninni er kallað eftir sannfærandi tillögum að framtíðarsýn sem uppfyllir þessar óskir. Grunnur að slíkri framtíðarsýn má vera ákveðið hugtak/hugmyndafræði (e. concept) en það er ekki nauðsynlegt. Rökstyðja þarf með hvaða hætti framlögð framtíðarsýn, og hugmyndafræði ef við á, uppfyllir væntingar stjórnvalda og íbúa. Skilyrði er að innsendar tillögur séu settar fram með myndrænum hætti og í greinargerð.

Hugmyndasamkeppni þessi er einnig mikilvægur liður í vali á skipulagsráðgjafa fyrir gerð nýs aðalskipulags. Tillögur þriggja höfundateyma, sem dómnefnd telur bestar, verða valdar til verðlauna sem og til kynningar og umfjöllunar á íbúáþingi. Í kjölfar þess mun dómnefnd hugmyndasamkeppninnar endurmeta tillögurnar þrjár og gefa þeim einkunn með hliðsjón af þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í lýsingu þessari. Í kjölfar þess að valdar eru þrjár innsendar tillögur í hugmynda-samkeppnina verður kallað eftir tillögu frá teymunum þremur um verkefnisnálgun og verðtilboð í gerð nýs aðalskipulags. Verkefnisnálgunin og verðtilboðið verða metin sjálfstætt af bæjaryfirvöldum og án tillits til innsendra tillagna í hugmyndasamkeppnina. Það teymi sem fær bestu samanlögðu heildareinkunnina fyrir innsenda tillögu, verkefnisnálgun og verðtilboð hlýtur verkefnið.

Áhugasamir eru hvattir til að mynda þverfaglegt teymi fagfólks í arkitektúr, skipulagi og öðrum fag- og fræðasviðum auk aðila sem hafa áhugaverðan bakgrunn eða færni til að móta og setja fram heilsteypta tillögu að framtíð Suðurnesjabæjar. Kostur er að samsetning teymanna sé fjölbreytt m.t.t. bakgrunns, reynslu, aldurs og kynjaskiptingar. Einnig er kostur að í teyminu sé aðili sem skráður er á lista Skipulagsstofnunar yfir aðila sem hefur réttindi til að sinna skipulagsgerð en það er þó ekki skilyrði.



1.3 Helstu stærðir

- Sameinað sveitarfélag er 83 km² að flatarmáli
- Íbúafjöldi var 3.374 1. janúar 2018
- Um 1.700 búa í byggðakjarnanum Sandgerði
- Um 1.500 búa í byggðakjarnanum Garði
- Keflavíkurvöllur er um 15 km² (sá hluti sem er innan sveitarfélagsmarkanna) en samkeppnin tekur þó ekki til hans


1.4 Skipulagsleg staða svæðisins:

Svæðisskipulag Suðurnesja

Í gildi er Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 ásamt umhverfisskýrslu. Svæðisskipulagið byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 en í 21. gr. segir m.a. að „svæðisskipulag skal taka til svæðis sem myndar heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti og getur þannig tekið til heilla landshluta eða annarra stærri heilda“.

Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja starfar undir Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, en sveitarfélögin sem mynda það eru Reykjanesbær, Grindavík, Sveitarfélagið Vogar og nú hið nýja sveitarfélag Suðurnesjabær í stað hinna nú aflögðu sveitarfélaga Garðs og Sandgerðisbæjar.

Í svæðisskipulaginu eru skilgreind fjögur megin svæði til atvinnuuppbyggingar og er svæði A, Ásbrú norður, að hluta til innan Suðurnesjabæjar. Ásbrú norður nær til Keflavíkurflugvallar og iðnaðar- og athafnasvæðið við Helguvík ásamt stórskipahöfninni innan Reykjanesbæjar. Innan marka Keflavíkurflugvallar er horft til flug- og flugtengdar starfsemi. Í Helguvík og nágrenni er horft til uppbyggingar á iðnaði og stórskipahafnar auk þess sem horft er til þess að flutningastarfsemi (e. logistics) geti haslað sér völlu á svæðinu í tengslum við alþjóðaflugvöll og útflutninghöfn. Á þeim hluta svæðisins, sem er innan sveitarfélagsmarka Suðurnesjabæjar, hafa gildandi aðalskipulagsáætlanir fyrir Garð og Sandgerði skilgreint athafnasvæði fyrir léttan iðnað og vöruhús næst flugvallarsvæðinu auk verslunar- og þjónustusvæða nærri stofnvegum. Við sveitarfélagamörk Garðs og Reykjanesbæjar er afmarkað svæði undir iðnað. Sjá nánar umfjöllun í gildandi aðalskipulagi Sandgerðisbæjar og sveitarfélagsins Garðs sem eru hluti af keppnisgögnum.




Svæði A sést á þessari mynd úr Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024.

Nánar á eftirfarandi vef:

<https://www.sss.is/svaedisskipulag/kynningarefni/samthykkt-svaedisskipulag-sudurnesja-2008-2024>



Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024




Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024. Sveitarfélagsuppráttur (Kanon arkitektar og VSÓ Ráðgjöf).



Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024. Þéttbýlisuppráttur (Kanon arkitektar og VSÓ Ráðgjöf).

Nánari upplýsingar er að finna í Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 á eftirfarandi vef:
<https://www.sandgerdi.is/adhalskipulag-2008-2024/>

Aðalskipulag Garðs 2013-2030



Aðalskipulag Garðs 2013-2030. Sveitarfélagsuppráttur (Kanon arkitektar og VSÓ Ráðgjöf).



Aðalskipulag Garðs 2013-2030. Þéttbýlisuppráttur (Kanon arkitektar og VSÓ Ráðgjöf).

Nánari upplýsingar er að finna í Aðalskipulagi Garðs 2013-2030 á eftirfarandi vef:

<https://www.svgardur.is/skipulagsm%C3%A1l>



2 Viðfangsefni samkeppninnar

2.1 Sagan og samfélagið

Með hinu sameinaða sveitarfélagi Suðurnesjabæ verður ákveðið afturhvarf til fortíðar þegar Garður og Sandgerði voru hluti af sama hreppnum, hinum forna Rosmhvalaneshreppi¹. Hann náði yfir Sandgerði, Garð, Leiru og Keflavík. Honum var skipt upp árið 1886. Það má því segja að með sameiningu Garðs og Sandgerðis ljúki yfir 130 ára aðskilnaði.

2.1.1 Garður

Elstu heimildir um Garðinn er að finna í Landnámu þar sem sagt er frá því að Ingólfur Arnarson hafi viljað gefa Steinunni frænku sinni Rosmhvalanes allt fyrir utan Hvassahraun. Í Landnámu er einnig elsta heimild um útræði frá Suðurnesjum og mun það hafa verið frá Hólmi í Leiru, landi Garðs.

Garðurinn dregur nafn sitt af Skagagarðinum sem lá frá túngarðinum á Útskálum að Kirkjubóli í Sandgerði. Talið er að bændur hafi hlaðið garðinn til þess að verja akra sína fyrir ágangi sauðfjár en kornyrkja var algeng á Reykjanesi á landnámsöld. Enn má greina hluta af Skagagarðinum til móts við Útskálakirkju.

Garður nær frá Rafnkelsstaðabergi að innanverðu og út á Skagatá þar sem gamli vitinn stendur. Í daglegu tali er honum skipt í Inn- og Út-Garð og á milli þeirra er Gerðahverfið.

Í þéttbýlinu í Garði búa í dag um 1.500 manns. Þar er Gerðaskóli sem er samþættur leik- og grunnskóli ásamt tónlistarskóla og bókasafni. Skólinn er rötgróinn og á rætur að rekja aftur til ársins 1872. Hann er þriðji elsti skóli landsins sem hefur verið starfræktur óslitið frá stofnun.

Nokkur félagasamtök starfa í byggðinni s.s. Kvenfélagið Gefn, Kiwanisklúbburinn Hof, Lionsklúbburinn Garður, Söngsveitin Víkingarnir og Björgunarsveitin Ægir.

Eitt megineinkenni Garðsins er hinn sívali 29 m hái Garðskagaviti. Byggðasafn Gerðahrepps er starfrækt í útihúsunum sem áður tilheyrðu búi vitavarðar.

2.1.2 Sandgerði

Sandgerðisbær hét áður Miðneshreppur en breytti um nafn árið 1990 þegar hann fékk kaupstaðar-réttindi.

Sandgerði var upphaflega verðmæt útvegsjörð og bjuggu þar góðbændur sem aðallega höfðu fiskinn í sjónum að bústofni. Eins og nafnið gefur til kynna er jarðvegur þarna mjög sendinn og ekki vel fallinn til ræktunar. Sandurinn var að miklu leyti heftur með umfangsmikilli ræktun melgresis og hleðslu mikils sjóvarnargarðs á fyrri hluta 20. aldar. Kirkjustaður er á Hvalsnesi, en þar var Hallgrímur Pétursson, sálmaskáld, (1614 – 1674) fyrst prestur árin 1644 – 1651.

Sandgerðisvík varð löggiltur verslunarstaður árið 1901 og þorp fór að myndast við víkina í kjölfar hafnarframkvæmda þar á vegum Ísland - Færeyjafélagsins árið 1908. Vélbátaútgerð hófst fljótlega í kjölfarið. Endurbætur voru gerðar á höfninni í áföngum út 20. öldina og í dag er höfnin sú sem liggur best af öllum höfnum við Faxaflóa að fengsælum fiskimiðum allt vestur undir Snæfellsnes.

¹ Rosmhvalur er annað heiti yfir rostung. Bæjarmerki Sandgerðisbæjar, rostungurinn, er bein tilvísun í heitið á hinum forna Rosmhvalaneshreppi.



Lesið má meira um sögu Sandgerði í húsakönnun frá 2014.

Í þéttbýlinu í Sandgerði búa nú um 1.700 manns. Þar er Sandgerðisskóli með yfir 250 nemendur í tólf bekkjardeildum. Í sömu byggingu er almenningsbókasafn, starfræktur tónlistarskóli og íþróttamiðstöðin ásamt sundlauginni í Sandgerði eru sambyggð við skólann.

Eitt megin íþróttasvæði er í Sandgerðisbæ við Sandgerðisveg sem skiptist í tvo hluta, íþróttamiðstöð og svæði Reynis. Knattspyrnuvöllur o.fl. er við Stafnesveg, á svæði Reynis sunnan Sandgerðisvegar, og íþróttamiðstöð með sundmiðstöð, íþróttasal og þreksal er við Suðurgötu.

Í Sandgerði er Björgunarsveitin Sigurvon, fyrsta björgunarsveitin sem stofnuð var á vegum Slysavarnafélags Íslands.

Eitt megineinkenni byggðar í Sandgerði er hinn 19 m hái viti við Sandgerðishöfn.

2.2 Sérkenni og aðstæður

Suðurnesjabær er yst á norðvestanverðum Reykjanesskaganum og nær yfir Miðnesheiðina og umlykjandi strandsvæði til norðurs og vesturs, allt frá Helguvík að Ósabotnum í vestri. Þrátt fyrir nafnið er Miðnesheiðin flöt og láglend en hæsti punktur er einungis 33 m yfir sjávarmáli. Gamalt heiti nessesins sem Suðurnesjabær er á er Rosmhvalanes. Þetta heiti er þó ekki notað í daglegu tali í dag.

Strandsvæðið einkennist af litlum vogum og víkum með skerjum og þar er að finna víða fornar bú- og útvegsjarðir auk byggðakjarnanna í Sandgerði og Garði. Ströndin á austanverðu nesinu er klettóttari og minna um lítil sker, einkum þegar sunnar dregur.

Við austurjaðar Suðurnesjabæjar er Reykjanesbær. Þar er þéttbýlið í Keflavík og Ytri-Njarðvík sem, ásamt Innri-Njarðvík og Höfnum sameinuðust í eitt sveitarfélag árið 1994. Það er í dag fjórða fjölmennasta sveitarfélag landsins með fjölbreyttri atvinnu og þjónustu. Höfuðborgarsvæðið er svo í um klukkustundarfjarlægð frá Suðurnesjabæ þannig að segja má að fyrir íbúa í Suðurnesjabæ sé mikið úrval verslana, þjónustu og menningar innan seilingar.

Aðal alþjóðaflugvöllur landsins, Keflavíkurflugvöllur, er í Suðurnesjabæ og í gegnum hann fer allur þorri gesta sem heimsækir landið auk þess sem nær allir Íslendingar fara um völlinn á leið sinni til útlanda. Umsvif á flugvöllum hafa farið hratt vaxandi á síðustu árum og telur fjöldi starfa þar mörg þúsund í dag. Framundan er stækkun flugstöðvar og annarrar aðstöðu og allar líkur á að störfum við flugvöllum fjölgi enn meira á næstu árum. Sérlæg eru um starfsemi vallarins og heyra skipulagsmál vallarins undir þau lög, bæði aðalskipulag og deiliskipulag. Fer Isavia með öll málefni Keflavíkurflugvallar. Fulltrúar Suðurnesjabæjar eiga þó sæti í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Af þessum sökum er Keflavíkurflugvöllur ekki beinn hluti af hugmyndasamkeppninni en mikilvægt er að horfa til þessa mikilvæga svæðis í samhengi við aðra byggð í Suðurnesjabæ og kynna sér vel þróunaráætlun hans.

Saga byggðar í Suðurnesjabæ er samofin sögu byggðar á Íslandi og er talið að þar hafi verið búseta nær strax upp úr landnámi, enda jarðir góðar til ræktunar og stutt í gjöful fiskimið. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein í Suðurnesjabæ og er svæðið mjög vinsælt t.d. fyrir norðurljósaskoðanir yfir vetrartímann.



2.2.1 Landslagsheildir:

Miðnesheiðin: Heiðin er flöt án áberandi kennileita í landslagi og liggur á gömlu basalti. Jarðvegur er að mestu ólífrænn móajarðvegur, aðallega gerður úr gosösku frá nálægum og fjarlægum eldstöðvum. Jarðvegurinn er þykkari nær sjó en á miðju nesinu. Á miðri heiðinni er Keflavíkflugvöllur. Miðnesheiðin er allvel gróin, en á sléttunni sunnan flugvallar er gróðurlaus mói og nokkur allstór svæði eru röskuð vegna efnistöku og umsvifa hersins. Um heiðina liggja gamlar þjóðleiðir. Leiðirnar lágu á milli verslunarstaða og útgerðastaða. Stór svæði á heiðinni hafa verið lokuð af vegna takmarkana á landnotkun sem fylgdu veru hersins á heiðinni og staðsetningu flugvallar. Eftirsóknarverðir eiginleikar liggja í landrýminu og tengingum við alþjóðlegan flugvöll. Af heiðinni er víðsýnt og fagurt útsýni.

Strandsvæðin: Búsetulandslag meðfram ströndinni. Staðhættir á Rosmhvalanesi hafa leitt til byggðarmynsturs er var mótað af landbúnaði og útgerð. Byggðin þræðir víkur og voga meðfram ströndinni, húsnæði var staðsett á hæðardrögum og lágsvæðin ræktuð í skjóli garða. Þéttbýli Sandgerðisbæjar einkennist af sandfjörum, skerjum og víkum. Byggt er út frá þremur bújörðum sem nú eru farnar að tengjast saman, (Flankastaðir, Sandgerði og Býjasker). Nýjustu hverfin teygjast lengra upp í heiðina, eru þétt og einsleit með opnum og breiðum götum. Út með ströndinni eru víða byggðakjarnar s.s Stafnes, Hvalnes og við Þóroddsstaði. Víða hefur sandur fært gróður í kaf, jarðvegur fokið upp og sjór brotið af ströndinni. Á árum áður var lögð mikil vinna í að hefta sandfok og jarðvegseyðingu. Mikla og fallega hlaðna garða er víða að finna sem sumir eru notaðir til skjóls við kálgarða. Þjóðleiðir liggja meðfram ströndinni.

Lágsvæði og fjörur: Mest af strandsvæðum Sandgerðisbæjar eru á náttúruminjaskrá og er nú unnið að flokkun fjörugerða á nesinu. Tvö svæði innan Sandgerðisbæjar eru á náttúruminjaskrá: Í tengslum við aðalskipulagsvinnu hefur verið unnið að skráningu fornminja. Svæði á náttúruminjaskrá eru sýnd á skipulagskort

2.2.2 Náttúru- og byggðavernd

Engin friðlýst náttúruverndarsvæði eru skilgreind innan bæjarmarka Suðurnesjabæjar en á náttúruminjaskrá eru eftirfarandi svæði:

Ósar vegna fjölbreyttrar fjöru og mikils botndýralífs: Nr.107. Ósar. Vogurinn með strandlengju, fjörum og grunnsævi austan línu sem dregin er á milli Hafna og Þórshafnar. Mikið og sérstætt botndýralíf, fjölbreyttar fjörur, vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda.

Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi vegna fjölbreytts strandgróðurs og fjörugerða, lífauðugra sjávartjarna og fuglalífs: Nr.108. Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi. Fjörur og sjávarfitjar frá Stafnesi að Rafnkeilsstaðabergi, m.a. Sandgerðistjörn, Gerðasíki, Miðhúsasíki og Útskálasíki. Fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífauðugar sjávartjarnir og mikið fuglalíf.

Ákveðin svæði njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Þetta eru Sandgerðistjarnir, en þær afmarkast af Tjarnargötu í suðri og Garðskagavegi í vestri, þær eru mikilvæg náttúruyfyrirbrigði á Reykjanesi. Lífríki skagans er að miklu leyti bundið við ströndina og hafið og eru tjarnir og vötn fremur sjaldgæf. Sandgerðistjarnir eru á náttúruminjaskrá. Einnig hefur verið komið á hverfisvernd fyrir fjörur og tjarnir og æðarvarp.



Sjávarfitjar, leirur og síki eru á nokkrum stöðum meðfram austanverðri strandlengjunni og í gildandi aðalskipulagi Garðs nýtur strandlengjan í heild sinni, frá Garðhúsavík að Selsvík hverfisverndar á alls 180 m breiðu svæði. Síkin sem njóta verndar eru Útskálasíki, Miðhúsasíki og Gerðasíki.

Hluti óbyggðs svæðis norðaustan þéttbýlis í Sandgerði og fyrir sunnan þéttbýlisins í Garði er skilgreint sem vatnsverndarsvæði 2. flokkur, grannsvæði, en neysluvatn í Suðurnesjabæ kemur nú nær eingöngu úr Lágum í Grindavík.

Einnig hefur verið unnið að gerð verndarsvæðis í byggð fyrir Krókskotstún-Landakotstún í Sandgerði er byggir á samnefndum lögum nr. 87 frá 2015.

2.2.3 Óbyggð svæði og útivist:

Óbyggt land innan Suðurnesjabæjar er stór hluti sveitarfélagsins. Núgildandi aðalskipulagsáætlanir hafa markað stefnu um afmörkun óbyggðra, náttúrulegra svæða og svæða sem hafa menningar-sögulegt gildi. Góð aðstaða er til útivistar.

Á óbyggðum svæðum er mikill fjöldi göngustíga sem eru gamlar þjóðleiðir um Reykjanesskagann. Þessar leiðir njóta verndar skv. þjóminjalögum nr. 107/2001.

Hið flata landslag á Rosmhvalanesi býður upp á góða aðstöðu til hjóleiða. Hjóleiðar meðfram strandlengju Sandgerðisbæjar er valkostur í vistvænni ferðamennsku. Göngustígar á óbyggðum svæðum innan sveitarfélagsins geta hentað vel fyrir iðkun fjallahjóleiða. Einnig eru nokkrar reiðleiðir. Básendar er forn verslunarstaður sunnan Stafness og vinsæll til heimsókn og útivistar.

Tveir 18 holu golfvöllir eru í sveitarfélaginu. Um er að ræða Kirkjubólsvöll sem staðsettur er að Vallarhúsum mitt á milli Sandgerðis og Garðs, svo og Hólmsvöll í Leirunni. Báðir vellirnir eru þekktir fyrir það að vera yfirleitt þeir fyrstu á landinu til að opna sumarbrautirnar á vorin og þekkt er að þær hafi verið opnar yfir nær allan veturinn.

2.3 Náttúran

Miðnesheiðin er allvel gróin en á sléttunni sunnan flugvallar er gróðurlaus mói og nokkur allstór svæði eru röskuð vegna efnistöku og umsvifa hersins. Á síðustu 70-80 árum hefur mikil vinna farið í að hefta sandfok og jarðvegseyðingu. Sandgerðisbær hefur tekið þátt í verkefninu Yndisgarðar en því er ætlað að varðveita úrval íslenskra garð- og landslagsplantna til rannsókna og frekari nota, rannsaka harðgerði þessara plantna og að vera sýningarreitir fyrir fagfólk og almenning.

Skilgreint hefur verið ræktarsvæði austan þéttbýlisins í Sandgerðisbæ. Lögð er áhersla á eflingu ræktunar og rannsókna á íslenskum garð- og landslagsplöntum og varðveislu þessara plantna á ræktarsvæðum

Fyrir nánari fróðleik er vísað í aðalskipulag Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.

2.4 Samgöngur

Vegalengdir innan sveitarfélagsins eru mjög stuttar samanborið við mörg önnur sveitarfélög á Íslandi. Þjóðvegir á borð við Sandgerðisveg og Garðskagaveg eru mikilvægustu vegirnir og tengja saman þéttbýlisstaðina og aðra byggð í sveitarfélaginu við þjóðvegakerfið.

Suður frá Sandgerði að Stafnesi er Garðskagavegur einnig nefndur Stafnesvegur og er þversnið hans þar þrengra en á öðrum vegköflum og leyfilegur hámarkshraði minni, enda víða íbúðahús við veginn.



Vegurinn var framlengdur frá Stafnesi að Hafnavegi til að skapa möguleikann á hringleið suður fyrir Keflavíkurflugvöll og nefnist þessu kafli vegarins Ósaboðnavegur.

Göngu- og hjólastígar, sem gagnert eru ætlaðir til samgangna fremur en útivistar, eru þó af skorum skammti í sveitarfélaginu. Þó eru gangstéttar eru innan þéttbýlisins í Sandgerði og Garði og meðfram Skagabraut í Garði er t.d. malbikaður stígur út að Garðskagavita sem nýtist bæði gangandi og hjólandi.

Almenningssamgöngur eru milli Sandgerðis, Garðs og Reykjanesbæjar (Leið 89) og eru þær undir merkjum Strætó bs. samkvæmt samningi milli Strætó og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Keflavíkurflugvöllur er að langmestu leyti innan sveitarfélagsins og því má segja að fyrstu kynni langflestra erlendra ferðamanna af Íslandi eigi sér stað í Suðurnesjabæ. Frá Leifsstöð eru einnig reglubundnar áætlunarferðir á vegum Strætó bs. (Leið 55) auk þess sem nokkur hópferðafyrirtæki bjóða upp á ferðir til Reykjavíkur. Í Reykjanesbæ eru einnig tengingar við aðrar almenningssamgöngur s.s. innan Reykjanesbæjar, í Vogu og til Grindavíkur.

2.5 Umhverfið

Ef frá eru talin þéttbýlin í Garði og Sandgerði er Suðurnesjabær strjálbýlt svæði og eingöngu er að finna íbúðarhús við ströndina sem mörg hver eiga rætur að rekja til fornra býla og jafnvel verslunarstaða á borð við Stafnes og Básenda. Þau setja einnig sannarlega mark sitt á umhverfið og gefa því rómantískan blæ með iðjagrænum túnum og litlum tjörnum á víð og dreif. Ýmis búskapur og æðarækt er þar enn stunduð á nokkrum stöðum.

Þegar innar dregur verður umhverfið hrjóstugra og gróðurþekjan minni. Þó hefur markvisst verið unnið að uppgræðslu á Miðnesheiði og þar ber orðið mikið á lúpínubreiðum, ekki síst syðst á á heiðinni. Á Miðnesheiðinni er fjöldinn allur af gönguleiðum sem margar hverjar eru ævafornar.

Útsýni er mikið og fagurt, ekki síst til norðurs í átt að Snæfellsnesi og til austurs þar sem Esjan, Akrafjall og Skarðsheiðin blasa við, ekki síst á fallegum björtum dögum. Til suðvesturs sést Eldey við sjóndeildarhringinn.

2.6 Atvinnulífið

Keflavíkurflugvöllur er stærsta einstaka atvinnusvæðið í Suðurnesjabæ og reyndar á Reykjanesinu öllu. Þar er mikill fjöldi fyrirtækja sem tengist ferðaþjónustu og stoðstarfsemi flugrekstrar er þar með rekstur. Sömuleiðis eru mörg fyrirtæki með sínar aðalstöðvar þar. Um 9000 manns starfa á svæðinu og hefur sú tala vaxið hratt á síðustu árum. Samkvæmt spám mun þeim fjölga enn frekar á næstu árum samhliða frekari uppbyggingu flugvallarins en þó má vænta þess að sá vöxtur haldist í við þróun flugfarþega til landsins.

En í þéttbýlinu í Sandgerði og Garði er einnig mikill fjöldi fyrirtækja, einkum í tengslum við höfnina í Sandgerði, þ.e. í fiskvinnslu og útvegi og hjá þjónustufyrirtækjum af ýmsum toga. Sandgerðishöfn er ein mesta fiskihöfn landsins og þar hefur verið mikil uppbygging á síðustu áratugum. Þekkingariðnaður er einnig í mikilli sókn og í Suðurnesjabæ m.a. að finna Náttúrustofu Suðvesturlands, Þekkingarsetur Suðurnesja og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands. Þá er þar einnig að finna sögusafnið Heimskautin heilla sem er um franska heimskautafarann Jean-Baptiste Charcot, einn merkasta landkönnuð síðustu aldar en hann fórst með skipi sínu Pourquoi-pas? og áhöfn við Mýrar 1936. Að lokum má nefna ferðaþjónustu en hún hefur verið í vexti samfara mikilli fjölgun erlendra ferðamanna



til landsins. Við Keflavíkurflugvöll er starfrækt stórt hótél og gistiheimili. Einnig er starfandi hótél í Garði og veitingastaðir í Sandgerði og Garði.

Íbúar í Suðurnesjabæ sækja einnig atvinnu út fyrir sveitarfélagsmörkin enda stutt í Reykjanesbæ þar sem er fjöldinn allur af fyrirtækjum með rekstur og stórir opinberir vinnustaðir á borð við skóla- og heilbrigðisstofnanir. Íbúar í Suðurnesjabæ sækja einnig í einhverjum mæli vinnu til Reykjavíkur og víðar og segja má sem svo að íbúar þar hafi úr afar fjölbreyttum atvinnukostum að velja leggi þeir á sig ferðalag sem telst ekki langt í alþjóðlegum samanburði.

Unnið er að þróunaráætlun fyrir Keflavíkurflugvöll.



3 Leiðarljós, tilgangur og markmið samkeppninnar

3.1 Leiðarljós

Leiðarljós samkeppninnar er að fanga heildstæða og skýra framtíðarsýn fyrir nýtt sameinað sveitarfélag, framtíðarsýn sem uppfyllir þau meginmarkmið og áherslur sem liggja til grundvallar. Einnig að skilgreina, ef hægt er, hugtak/hugmyndafræði (e. concept) sem býr að baki þessari framtíðarsýn.

Þannig er byggður upp traustur grunnur fyrir nýtt aðalskipulag Suðurnesjabæjar sem mun stýra þróun innan sveitarfélagsins og samfélagsins sem það byggir. Samkeppnin verður einnig til þess að gerð aðalskipulagsins verður í höndum faglegra ráðgjafa sem hafa djúpan skilning á framtíðarsýninni.

3.2 Tilgangur

Með nýrri framtíðarsýn og nýju aðalskipulagi sem á henni byggir, er lagður grunnur að því að Suðurnesjabær verði eitt samfélag. Sveitarfélagið verði eftirsóttur staður fyrir fólk og fjölskyldur að búa, starfa og leika sér. Þar þrífist blómleg starfsemi og fjölbreytt mannlíf í takt við nýja tíma og í sátt við umhverfi og náttúru.

3.3 Meginmarkmið

- Að setja fram sannfærandi sýn fyrir vöxt og viðgang Suðurnesjabæjar með því að draga fram og byggja á samfélags-, menningar-, umhverfis- og efnahagslegri sérstöðu og styrk sveitarfélagsins. Grunnur að slíkri framtíðarsýn má vera ákveðið hugtak/hugmyndafræði (e. concept) en það er ekki nauðsynlegt. Rökstyðja þarf vel viðkomandi framtíðarsýn og, ef við á, hugtakið/hugmyndafræðina sem býr að baki.
- Að gera tillögu að því hvernig best megi ramma framtíðarsýnina inn, svo móta megi nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins á grundvelli hennar m.t.t. þeirra þátta sem skipulagslög kveða á um. Tillagan skal sett fram með skýrum myndrænum hætti og í texta.

3.4 Markmið

- Að lýsa **þróun byggðar** í Suðurnesjabæ á grundvelli framtíðarsýnarinnar. Hvernig tillöguhöfundar sjá fyrir þróun núverandi þéttbýliskjarna og hinnar dreifðu byggðar við ströndina, tengslin þar á milli og samhengi við aðra mögulega framtíðarbyggð. Að auki samspil og tengsl byggðarinnar við Keflavíkurlflugvöll og Reykjanesbæ.
- Að útskýra **samfélagslegt og menningarlegt samhengi** og virkni sveitarfélagsins til framtíðar. Hér má gjarnan ávarpa atriði eins og fjölmenningu, menntunarstig, jafnrétti, heilsueflingu, aldraða og ungmenni. Horfa þarf til samfélagslegrar þróunar í ljósi byggðapróunar og færa rök fyrir því hvort halda eigi í sjálfstæði og sérkenni þeirra byggðakjarna sem eru í Suðurnesjabæ eða ekki.
- Að lýsa framtíðartilhögun **samgangna** innan sveitarfélagsins og hvernig tillöguhöfundar sjá fyrir sér að tvinnu saman samgöngur og byggð. Hér er lögð sérstök áhersla á vistvænar samgöngur sem jafnframt eru heilsueflandi og hagkvæmar. Hér skal horfa til þess hvernig bæta megi sambýli byggðar, umhverfis, fólks og umferðar.
- Að lýsa manngerðu og náttúrulegu **umhverfi** sveitarfélagsins og þróun þess. Leitast skal við að svara því hversu róttækt, og þá með hvaða hætti, skal gripið inn í náttúrulega þróun t.d. með



uppgræðslu. Gjarnan má horfa til þess hvernig umhverfi og atvinna geta spilað saman í framtíðinni, og að hvaða leyti umhverfið geti leitt til nýrra atvinnutækifæra.

- Að lýsa hvernig sveitarfélagið geti sem best búið sig undir **tækniframfarir** (fjórðu iðnbyltinguna) varðandi t.a.m. landnotkun, þróun byggðar og atvinnulífs. Hér má nefna hluti eins og sjálfstæða og sjálfbæra orkuöflun, brotthvarf frá notkun jarðefnaeldsneytis og internet hlutanna (e. the internet of things).
- Að velta upp **tækifærum fyrir atvinnulífið** og að hvaða leyti megi skapa eða bæta aðstæður fyrir eftirsóknarvert atvinnulíf, bæði með nýjungum og á grunni þess fjölbreytta atvinnulífs sem er að finna í sveitarfélaginu í dag. Hér má ekki hvað síst horfa til þeirrar hefðar sem felst í matvælaíðnaði og sjávarútvegi, almennri þjónustu, hugviti og ferðaþjónustu.

3.5 Töluleg viðmið sem hafa skal til hliðsjónar við útfærslu tillagna:

- **6-7.000:** viðmið fyrir íbúafjölda í Suðurnesjabæ um miðja öldina.
- **2.000:** ný störf fyrir miðja öldina.
- **1-2:** nýir skólar á grunnskólastiginu.

Viðmiðin eru ekki bindandi fyrir tillögur.

3.6 Sérstakar áherslur samkeppninnar

- **Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:** Lögð er áhersla á að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna séu höfð til hliðsjónar við gerð skipulagstillögunnar og þau markmið sem eiga vel við í skipulagi skíni í gegn.
- **Verndun strandlengju og búsetulandslags:** Mikilvægt er að vernda strandlengjuna sem er einstök vegna umhverfisgæða, sögu byggðar og útræðis í landinu og er stórkostlegt aðdráttarafli fyrir ferðamenn og fólk sem vill setjast að í sveitarfélaginu. Einnig er mikilvægt að vernda svæði sem njóta hverfisverndar og byggðasvæði sem horft til að njóti verndar.
- **Ný aðkoma:** Í dag eru aðkomuleiðir inn í sveitarfélagið einkum úr tveimur áttum. Áhugi er innan sveitarfélagsins að kanna hvort breyta megi því.
- **Tengingar, svo sem:**
 - **Göngu- og hjólastíganet:** Mikill áhugi er á uppbyggingu stíganets milli allra helstu áfangastaða innan sveitarfélagsins, byggða- og atvinnusvæða, svo ýta megi undir vistvæna samgöngumáta á borð við hjóleiðar, notkun lítilla rafknúinna farartækja og göngu. Hér þarf einnig að horfa til áfangastaða utan marka sveitarfélagsins.
 - **Tengsl milli flugstöðvar og hafna:** Flugstöð Leifs Eiríkssonar, flutningahöfnin í Helguvík og fiskihöfnin í Sandgerði eru mikilvæg samgöngumannvirki sem geta unnið betur saman. Tækifæri eru á að búa til meiri samlegð með betri innbyrðis tengslum og er hvatt til að það sé skoðað sérstaklega.
- **Samlegð í innviðum og mannvirkjum, svo sem:**
 - **Skóla- og íþróttamannvirki:** Lykillinn að farsælli samlegð byggðar í Suðurnesjabær til framtíðar er vel ígrunduð uppbygging skóla- og íþróttamannvirkja. Mikilvægt er að leggja til góða lausn til framtíðar sem er allt í senn framsækin en raunhæf.



- **Hjúkrunarheimili og heilsugæsla:** Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar kallar á að vel sé hugsað fyrir uppbyggingu hjúkrunarheimila og heilsugæslu. Lögð er rík áhersla á að draga fram góðar framtíðarstaðsetningar fyrir slíka starfsemi í sveitarfélaginu.
- **Ný tækifæri:** Lögð er áhersla á að koma með nýjar og framsæknar en jafnframt raunhæfar hugmyndir um hvernig nýta megi land og önnur gæði sem finna má í sveitarfélaginu svo fremi sem það er í anda Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og sjálfbæra þróun.



4 Tilhögun samkeppni

4.1 Samsetning teymis

Hugmyndasamkeppnin er opin öllum en er þó fyrst og fremst hugsuð fyrir þverfagleg teymi fagfólks í arkitektúr, skipulagi og á öðrum fag- og fræðasviðum auk aðila sem hafa áhugaverðan bakgrunn eða færni sem á erindi í tillögur um framtíð nýs sveitarfélags. Kostur er að teymin séu með fjölbreytta samsetningu með tilliti til bakgrunns, reynslu, aldurs og kynjaskiptingar. Einnig er kostur að í teyminu sé aðili sem skráður er á lista Skipulagsstofnunar yfir aðila sem hefur réttindi til að sinna skipulagsgerð en það er ekki sett sem skilyrði (sjá lista Skipulagsstofnunar - <http://www.skipulag.is/skipulagsmal/skipulagsradgjafar/>).

4.2 Fyrirkomulag keppinnar

Eftir að frestur til að skila gögnum rennur út mun val dómnefndar á þremur tillögum liggja fyrir til áframhaldandi þátttöku og kynningar á íbúðingum. Gert er ráð fyrir að um þrjár vikur líði frá skilum að íbúðingum. Munu allar þrjár tillögurnar hljóta jöfn verðlaun.

Í kjölfar niðurstöðu dómnefndar fá verðlaunateymi afhenta nánari lýsingu á þeim atriðum sem verkefnis lýsing og verðtilboð í gerð aðalskipulags þarf að innihalda ásamt nánari skýringum á forsendum mats á þessum þáttum. Þurfa teymin að skuldbinda sig til að skila inn verkefnis lýsingu og verðtilboði ekki síðar en tveimur vikum eftir að íbúðingum lýkur.

Á íbúðingum munu fulltrúar teymanna kynna tillögur sínar og verður íbúðum gefinn kostur á að gera formlegar athugasemdir við þær. Sjá nánar kafla 4.11. Að íbúðingum loknu kemur dómnefnd saman á ný og endurmetur niðurstöðu sína í ljósi niðurstaðna af íbúðingum.

Í síðasta lagi tveimur vikum að íbúðingum loknu skila teymin þrjú inn skriflegum tillögum að verkefnisnálgun og verðtilboði fyrir gerð nýs aðalskipulags Suðurnesjabæjar. Nefnd á vegum bæjaryfirvalda með aðstoð ráðgjafa mun meta verkefnisnálgun og verðtilboð og gefa þeim einkunn. Þetta mat bæjaryfirvalda er sjálfstætt og alveg aðskilið innsendri tillögu í hugmyndasamkeppnina.

4.3 Skil á gögnum

- Þrjár A1 uppdrættir, standandi / portrait
- Greinargerð að hámarki 3000 orð.
- Skila skal uppdráttum á frauði og í pdf-skjali á minniskubb (ath. mælikvarða)
- Greinargerð skal að auki einnig skila í A4 í sex útprentuðum eintökum og á pdf-formi á minniskubb. Heimilt er að auki að fella texta greinargerðar inn á uppdrættina.
- Skýringarmyndir að eigin vali, að hámarki tíu, sem felldir eru inn á A1 uppdrætti.

Ekki er tekið við frekari gögnum en þeim sem tilgreind eru hér að ofan.

Allar tillögur verða að vera á íslensku.

4.4 Verðlaun/Greiðslur

Verðlaunafé fyrir þær þrjár tillögur sem dómnefnd velur til áframhaldandi þátttöku og kynningar á íbúðingum hljóta jafnt kr. 1.200.000,- auk vsk. Einnig getur dómnefnd lagt til að tvær tillögur til viðbótar verða keyptar inn sem athyglisverðar tillögur og hljóta þær kr. 450.000,- auk vsk.



Teymum sem hljóta verðlaun fyrir tillögur sínar heimilt að senda sveitarfélaginu reikning fyrir verðlaunaupphæðinni í kjölfar íbúapings. Reikningurinn skal auðkenndur með „Hugmyndasamkeppni – verðlaunatillaga“.

Fulltrúar verðlaunateyma sem mæta á íbúaping munu fá greitt fyrir veru sína á þinginu skv. taxa á markaðsverði.

Sveitarfélagið Suðurnesjabær verður eigandi innsendra gagna en tillögur í hugmyndasamkeppninni munu áfram njóta höfundarréttar skv. lögum. Sveitarfélagið áskilur sér þó rétt til að nýta efnivið úr öllum verðlaunatillögum fyrir nýtt aðalskipulag.

4.5 Nafnleynd /Trúnaður

Nafnleynd hvílir á framlögðum tillögum þar til dómnefnd hefur valið þrjár tillögur til kynningar á íbúapingi. Trúnaðarmaður mun rjúfa nafnleynd þegar niðurstaða dómnefndar liggur fyrir og tilkynna teymum niðurstöðu.

Öll samskipti milli keppenda og dómnefndar á meðan keppni stendur fara fram í gegnum trúnaðarmann samkeppninnar. Öll samskipti verða á íslensku.

4.6 Mat dómnefndar / dómnefndarálit

Mat dómnefndar byggir á markmiðum og áherslum keppninnar.

Þegar endanlegt val liggur fyrir mun dómnefnd veita heildarumsögn um allar innsendar tillögur.

4.7 Val á ráðgjafa til að vinna nýtt aðalskipulag

Við val á ráðgjafa til að vinna nýtt aðalskipulag verða eftirfarandi liðir lagðir til grundvallar:

- Tillaga hugmyndasamkeppni: 60%
- Verkefnisnálgun og verðtilboð teymis: 40%

Hafi teymi ekki skilað inn verkefnisnálgun og verðtilboði innan tveggja vikna frá íbúapingi fyrirgerir teymið rétti sínum um að semja við bæjaryfirvöld um gerð aðalskipulags og munu bæjaryfirvöld, í því tilfalli að um sé að ræða teymið sem hlýtur hæstu samanlögðu einkunn, stefna að því að semja við það teymi sem fékk bestu einkunn þar á eftir.

Bæjaryfirvöld áskilja sér rétt til að kalla fleiri ráðgjafa að gerð aðalskipulagsins ef þau telja ástæðu til.



4.8 Lykildagsetningar:

Samkeppni hefst	júní 2019
Fyrirspurnafrestur	23. ágúst 2019
Svör við fyrirspurnum	13. september 2019
Skil á gögnum	4. október 2019
Dómnefnd verðlaunar þrjár tillögur	október 2019
Íbúáþing	nóvember 2019
Dómnefnd lýkur störfum	lok nóvember 2019

4.9 Keppnisgögn

Auk keppnislýsingar verður keppendum útveguð eftirtalin gögn, sem verða gerð aðgengileg á vef sveitarfélagsins www.sudurnesjabaer.is/is/hugmyndasamkeppni

- Stafrænn kortagrunnur á .dwg formi í ISN93 hnitakerfinu
- Stafrænar loftmyndir í ISN93 hnitakerfinu
- Íbúaspá og aldurssamsetning
- Sviðsmyndagreining fyrir nýtt sveitarfélag
- Svæðisskipulag Suðurnesja
- Skýrsla KPMG um sameiningu Garðs og Sandgerðis

Að auki er bent á eftirtalin lög, reglugerðir og stefnumarkandi skjöl til hliðsjónar

- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Lög um mannvirki nr 160/2010.
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012.
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs 2013-2030
- Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024
- Húsnæðisáætlun
- Svæðisskipulag Suðurnesja
- Önnur stefnumarkandi skjöl

4.10 Skipun dómnefndar

Eftirtaldir sex aðilar eiga sæti í dómnefnd hugmyndasamkeppninnar:

- Einar Jón Pálsson, fulltrúi bæjarstjórnar og formaður dómnefndar
- Fríða Stefánsdóttir, fulltrúi bæjarstjórnar
- Pálmi Steinar Guðmundsson, fulltrúi bæjarstjórnar
- Anna María Bogadóttir, arkitekt og menningarfræðingur



- Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur og deildarstjóri aðalskipulags hjá Reykjavíkurborg
- Páll Jakob Líndal, doktor í umhverfissálfræði og skipulagsráðgjafi

Ritari dómnefndar er: Samúel Torfi Pétursson, ráðgjafi hjá VSÓ Ráðgjöf.

Dómnefnd áskilur sér rétt til þess að kalla til ráðgjafa eftir þörfum.

4.11 Íbúáping

Í nóvember er fyrirhugað að halda íbúáping í tengslum við nýtt aðalskipulag og framtíð Suðurnesjabæjar almennt. Dagskrá íbúáþingsins liggur ekki fyrir en hluti þess verður helgaður þeim þremur tillögum sem hljóta verðlaun.

Einnig er gert ráð fyrir að aðrir aðilar, s.s. skólabörn, kynni afrakstur sinn í tengslum við framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið.

Hvert verðlaunateymi þarf að senda tvo fulltrúa á þingið til að kynna tillögu sína og taka þátt í hópavinnu íbúáþings. Nánari upplýsingar um þátttöku á íbúáþingi verða afhentar síðar.

4.12 Fyrirspurnir og skil

Keppni hefst þegar gögn hafa verið afhent þeim sem hafa verið valdir til þátttöku. Fyrirspurnir skulu öllum birtar og berast trúnaðarmanni eigi síðar en 23. ágúst 2019 og verður svarað eins fljótt og kostur er, eigi síðar en 13. september 2019. Svör við fyrirspurnum verða send á alla keppendur.

Trúnaðarmaður keppenda er:

Stefán Gunnar Thors, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulags hjá VSÓ Ráðgjöf

Sími: 5859180/6609980

Netfang: stefan@vso.is

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum skal beint til trúnaðarmanns.

Tillögum skal skila til trúnaðarmanns eigi síðar en þann **4. október 2019**. Trúnaðarmaður tekur á móti tillögum á milli kl. **13.00 og 17.00**, en þeir sem óska eftir að skila tillögum fyrir þennan tíma er það heimilt að viðhöfðu samráði við trúnaðarmann. Við afhendingu tillögu til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merktu auðkennistölu tillögunnar.

Nægilegt er að tillögum sé komið í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgangslumanni sent til trúnaðarmanns. Auk framanskráðs skal keppandi tilkynna trúnaðarmanni innan sólarhrings að tillaga hafi verið send. Í tilkynningunni skal koma fram auðkennistala tillögunnar. Tillögum verður ekki veitt viðtaka lengur en fimm dögum eftir að skilafresti lýkur. Aðsendar tillögur skal senda á heimilisfang trúnaðarmanns, sjá hér að ofan. Staðfesting fyrir móttöku aðsendra tillagna verður send með tölvupósti.

Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu í reit 2 x 5 cm í hægra horni að neðan. Ógegnsett umslag, merkt sömu tölu og „nafnmiði“, skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skal vera miði með nafni, netfangi og símanúmeri höfundar eða höfunda og samstarfsmanna. Tillögum skal skila ósamanbrotnum og í flötum umbúðum. Umbúðir tillögu skal merkja á sama hátt og tillöguna og á þær skal ritaður fjöldi tillögublaða. Teikningum í ramma eða gleri verður ekki veitt viðtaka. Ófrávíkjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt.

**4.13 Sýning og varðveisla keppnistillagna**


Verðlaunatillögurnar verða til sýnis í Ráðhúsi Suðurnesjabæjar að íbúðingiloknu og er gert ráð fyrir að þær verði til sýnis til áramóta, hið minnsta. Suðurnesjabær mun varðveita allar innsendar tillögur en eigendur og höfundar tillagna munu hafa aðgang að þeim að höfðu samráði við starfsfólk sveitarfélagsins.



5 Samþykki keppnislýsingar


Keppnislýsing þessi er grundvöllur keppinnar. Keppnislýsingin er samþykkt af útbjóðanda keppinnar og dómnefndarfulltrúum.

fyrir hönd Suðurnesjabæjar



Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri

fyrir hönd dómnefndar



Einar Jón Pálsson
Formaður dómnefndar